

**143** einirberja-brennivíni (Genève), og af alls konar kryddvínunum, sem til eru búin úr áfengum  
8. nóv. drykkjum, skuli heimta samkvæmt 4. lið 1. greinar í lögum 11. febr. 1876.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

**144** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, samkvæmt þar að lútandi bænarskrá, að veitt verði Stefáni prófasti P. Stephensen, alþingismanni fyrir Ísafjarðarsýslu, 6600 króna lán úr viðlagasjóði, gegn 4% í vöxtu á ári og gegn handfengnu veði í konunglegum 4% skuldabryfum ásamt tilheyrandi vaxtaseðlum, sem nema 8800 kr., og með þeirri skuldbindingu, að endurborga lánið eptir uppsögn með missirisfyrirvara; og getið þjer þess, að Stefán prófastur hafi skýrt yður svo frá munnlega, að hann ásamt nokkrum bændum í sýslunni ætlaði lánið til að kaupa þiljuskip til hákarlaveiða.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafana, að hið umbeðna lán veitist hjer með eptir atvikum, með framangreindum kostum, og með því skilyrði, að láninu sje varið til þess, sem beiðandi hefir sagt. Þar sem þjer, herra landshöfðingi, hafið spurt, hvort þjer munduð, ef til kæmi, mega ávísa fjenu úr aðalfjárhirzlunni, skal eigi látið undan falla að bæta því við, að um greiðslu úr henni verður að snúa sjer til hlutaðeigandi ráðherra.

**145** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á konungsúrskurði 12. apríl 1834 m. fl.* — Eptir allrapegnsamlegustum tillögum mínum hefir hans hátign konunginum 7. þ. mán. þóknast allramildilegast að skipa fyrsta meðdómanda í hinum íslenska landsyfirrietti, Jón Pjetursson, dómstjóra í tjeðum rjetti, og annan meðdómanda og dómsmálaritara í fyrnefndum rjetti, Magnús Stephensen, fyrsta meðdómanda í rjettinum, og að fallast á, að konungsúrskurði 12. apríl 1834 sje breytt þannig, að þýðingu dómsgjörða í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er skotið er til hæstarjettar, úr íslenzku á dönsku, sem hingað til hefir verið af hendi leyst af fyrsta meðdómanda í landsyfirriettinum fyrir þóknun sjer í lagi, skuli þessi embættismaður eptirleiðis hafa á hendi endurgjaldslaust.

Þetta er eigi látið undan falla að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**146** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um framfærsluskyldu stjúp barns.* — Hreppsnefndin í Hraungerðishreppi í Árnessýslu hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 16. marz þ. á., um að Bergur bóndi Bergsson í Kálfhaga hafi ekki verið skyldur til að leggja annan framfærslustyrk með stjúp föður sínum, Magnúsi Erlendssyni, er átti sveit í áminntum hreppi og dó í fyrra sumar, en þann, sem hann með sjerstökum samningi kann að hafa skuldbundið sig til að greiða. Af skjölum málsins sjest, að eptir að þau hjón, móðir Bergs og stjúpfaðir hans, höfðu skilið að samvistum og skipt með sjer eigum sínum, án þess að nokkur reglulegur hjónaskilnaður hefði átt sjer stað, tók Bergur stjúp föður sinn til sín sem matvinnung, en

nokkrum árum síðar var stjúpfaðirinn vegna veikinda fluttur á framfærsluveit sína, Hraungerðishrepp. Samkvæmt ósk þessa hrepps úrskurðaði þar eptir sýslumaðurinn í Árnes-sýslu 14. nóvbr. 1873, að ef móðir Bergs, kona Magnúsar Erlendssonar, væri lifandi, væri Bergi skylt að styrkja bæði þau Magnús og konu hans, að því leyti þau þörfuðust og eigur beggja væru þrotnar. Hreppsnefndin í Hraungerðishreppi skoraði samkvæmt þessu á Berg Bergsson að taka hlutdeild í framfærslu Magnúsar, og gjörðu þá hreppsnefndin og umboðsmaður Bergs þann samning, að hann skyldi greiða Hraungerðishreppi 40 krónur árlega, á meðan Magnús lifði; en nú varð Magnús vitstola og stöðugur varðveizlumaður, þangað til hann dó, og þegar Hraungerðishreppur þar eptir krafðist endurgjalds á öllu því, er hann hafði lagt með Magnúsi, áfrýjaði Bergur úrskurði sýslumanns til amtsins, og lögðuð þjer þá úrskurð þann á málið, sem tilgreindur hefir verið.

Eptir að jeg síðan hefir meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um áfrýjunarbrjef Hraungerðishrepps, skal yður tjáð það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Fátækrareglugjörðin frá 8. janúar 1834 hefir í 4. gr. sinni ekki beinlínis ákveðið neitt um framfærsluskyldu stjúforeldra og stjúpbarna; en það virðist leiða af tjeðri grein að stjúpbörn sjeu skyld að framfæra stjúforeldra, eins lengi og þau eiga tilkall til framfærslu af þeim, en nú er stjúpfaðir skyldur að framfæra stjúpbarn sitt, meðan hann lifir í hjónabandi við móður þess, og virðist þá ekki heldur geta verið vafi um, að stjúpbarn eigi að standa straum af stjúpföður, svo lengi sem hjónabandi stjúpföðursins við móður stjúpbarnsins er eigi slitið. Með því nú að Magnús Erlendsson var, þegar hann dó, ekki skilinn að lögum við móður Bergs Bergssonar, gat þessi stjúpsonur hans ekki skorast undan að greiða Hraungerðishreppi heffilegt meðlag með honum, eins og tekið er fram í brjefi sýslumannsins frá 17. nóvbr. 1873, enda virðist Bergur sjálfur hafa viðurkennt þetta með áminntum samningi. Hins vegar virðast samkvæmt fátækrareglugjörðinni frá 8. jan. 1834 foreldrar eða börn ekki skyld til að endurborga hlutaðeigandi sveitar-sjóði allan þann styrk, sem lagður hefir verið með frændum þeirra, og hvað sem því líður er engin heimild til að skylda Berg Bergsson með yfirvaldsúrskurði til að endurgjalda Hraungerðishreppi það sem hann fer fram á, enda hefði slíkur úrskurður ekki getað breytt áður gjörðum samningi um, að Bergur endurgylti nokkurn hluta af því, sem lagt hefði verið af sveit með stjúpföður hans.

Ætli Hraungerðishreppur því að halda fram kröfu þeirri, er hann þykist eiga á hendur Bergi Bergssyni, verður að gjöra það með lögsókn.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir sudur- og vesturumdæminu um vegagjörð á Holtavörðuheidi.* — Í þóknanlegu brjefi 20. þ. mán. hafði þjer, herra amtmaður, skýrt frá, að vegabót þeirri á Holtavörðuheidi, er byrjað var á í fyrra, hafi verið haldið áfram í sumar samkvæmt brjefi mínu 22. marz þ. á., og hafi á þessu sumri verið lagðar 5 álna breiðar upphleyptar grjótblýr, að lengd samtals 773 faðmar, og ruddir ógreiðir vegarkallar, samtals 1185 faðmar að lengd, og ekið nægilegum sandi ofan í veginn; kostnaðurinn til þessa hafi orðið samtals 2351 kr. 74 a., eptir reikningum frá sýsluönnunum í Strandasýslu og í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og sje þegar búið að ávísá af því úr jarðabókarsjóði 180 kr.; og sje óskað eptir að hinu verði nú ávísáð. Það sem enn vanti á, að vegabótinni á heidinni geti heitið lokið, svo að allur vegurinn neðan úr byggð í Strandasýslu og að Fornahvammi, efsta bæ í